




Efni: Breyting á skipulagsskilmálum frístundasvæðis Öldubýggðar í landi Svínavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi.

### Deiliskipulagssvæði



Gerð er tillaga að breytingu á gr. 6 í greinargerð deiliskipulagsins með síðari breytingu frá 2006 og gr. 7 og 8 í greinargerð deiliskipulagsins frá 1997.

#### Gildandi skilmálar

6. Aðeins er gert ráð fyrir einum bústað á hverri lóð að hámarki 200 fm að stærð. Heimilt er að reisa útigeymslu eða svefnhús á hverri lóð og er hámarksflatarmál þess 25 m<sup>2</sup> og skal sýna það á byggingarnefndarteikningu.

7. Sérhver bústaður skal vera með risi og skal mænir að öllu jöfnu vera yfir miðju húsi. Þakfletir skulu málaðir í frekar dökkum jarðarlitum og litir á öðrum flötum þannig að ekki stingi í stúf við umhverfið.

8. Samráð skal haft við arkitekt um staðsetningu bústaða á lóðum. Meginreglan skal vera sú, að mænir hússins skal liggja þvert á stefnu landhalla.

#### Breyttir skilmálar

6. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt aðalhús og eitt aukahús (gestahús eða geymslu). Hámarks byggingarmagn lóðar miðast við nýtingarhlutfallið 0,03 og þar af má aukahús vera allt að 40 m<sup>2</sup>.

7. Þakgerð, efnisval og mænisstefna húsa er frjáls.

8. Grein fellur út.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 6. 2. 2019



19. febrúar 2019  
Rúnar Guðmundsson